



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Haustönn 2021

SPÆN1AA05

Byrjunaráfangi 1 í spænsku

Kennari:	Sigríður Guðmundsdóttir	Sk.st.	SGU
-----------------	--------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins. Strax frá upphafi eru nemendur þjálfaðir í lesskilningi ásamt samskiptaþáttunum tali, hlustun og ritun.

Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfna grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu spænskumælandi landa. Til að þjálfna ofantalin atriði er meðal annars hægt að styðjast við eftirfarandi efnisþætti: Kynning á sjálfum sér og öðrum, að kveðja og heilsa, fjölskylda og fjölskyldutengsl, aldur, búseta, starf, þjóðerni, lönd og tungumál, klukka og tímasetningar, tölur og dagar, daglegar athafnir og hús og hóbýli.

Undanfari: Enginn.

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum, þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál, og þekkja samskiptavenjur
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta og mismuninum á töluðu og rituðu máli.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- að skilja talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lestri ýmiss konar texta á eigin áhugasviði eða texta um kunnugleg efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- að taka þátt í einföldum samræðum um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og beita kurteisisvenjum, málvenjum og hljómfalli við hæfi
- að beita orðaorða á skýran hátt hvað varðar málvenjur, framburð, áherslur og hljómfall
- að skrifa samfelldan texta um efni sem hann þekkir eða hefur áhuga á og nota viðeigandi málfar
- að fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- að nota upplýsingatækni og hjálpargögn í tungumálanámi.

- **Hæfniviðmið:**

- Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:
- greina einfaldar uppýsingar þegar talað er hægt og skýrt
- velja rétt samskiptaform miðað við aðstæður hverju sinni
- vinna úr textum á mismunandi hátt eftir því hver tilgangurinn er með lestri hverju sinni
- átta sig á innihaldi stuttra blaðagreina og texta
- skipuleggja nám sitt og námsaðferðir
- meta vinnulag og framfarir í áfanganum
- vera meðvitaðri um hvaða leiðir nýtast best til að tileinka sér spænska tungu.

Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- Nuevo español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Verkefnahefti frá kennara
- Þunn plastmappa fyrir ljósrit og verkefni
- A5 eða A4 stílabók
- Námsefni á Innu
- www.snara.is (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
- <https://www.wordreference.com/es/en/translation.asp?spen=>
- <https://www.spanishdict.com/>
- Duolingo, Quizlet, Kahoot öppin

Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Hlutapróf	Tvö skrifleg hlutapróf úr námsefninu (lesskilningur, ritun, orðaforði og málfræði) – Það er SKYLDA að taka hlutaprófin.	50%
Hlustunarpróf	Tvö hlustunarpróf – Það er SKYLDA að taka bæði prófin.	10%
Munnleg færni	Munnlegt verkefni/Munnlegt próf (verður tekið í lok annar) – Það er SKYLDA að taka munnlega prófið.	10%
Ritun/lesskilningur	Ritunar- og lesskilningsverkefni og/eða próf á önninni.	5%
Annað	Ýmis verkefni og verkefnahefti.	20%
Annað	Mæting og ástundun	5%

Hlutaprófin, hlustunarprófin og munnlega lokaprófið eru **SKYLDA** og ekki hægt að ná áfanganum án þess að ljúka þeim.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf og verkefni
33	18. – 22. ágúst	Kynning á áfanga, farið yfir námsáætlun	
34	23. – 29. ágúst	Kafli 0 + 1A: Spænskan í heiminum – framburður - að kynna sig og aðra – þjóðerni, kyn og tala – að telja upp að 20	
35	30 ágúst. – 5. september	Kafli 1B: Starfsheiti – regluleg sagnbeyging – óreglulegar sagnir (ser, tener)	
36	6. – 12. september Foreldrakynning 7. sept.	Kafli 1B: Regluleg sagnbeyging – óreglulegar sagnir (ser, tener)	
37	13. – 19. september	Kafli 1B + 1C: Símanúmer – telja upp að 100 – spurningar á spænsku	Munnlegt verkefni (4% vægi)
38	20. – 26. september	Kafli 2A: Fjölskyldan – eintala og fleirtala – ákveðinn og óákveðinn greinir	
39	27. – 3. október	Kafli 2A: Eignarfornöfn – að segja frá fjölskyldunni	Hlustunarpróf 1 (5% vægi)
40	4. – 10. október Miðannarmat	Kafli 2C: Klukkan – bera saman siði og venjur milli landa – háar tölur	
41	11. – 17. október Áfangamess 13. okt. 14-15 haustfrí	Kafli 3A: Afturbeygðar sagnir – að segja frá venjulegum degi	SKRAP
42	18. – 24. október 20. valdagur	Upprifjun f/hlutapróf 1	Hlutapróf 1 (25% vægi)
43	25. – 31. október	Kafli 3B: Vikudagarnir og mánuðirnir, dagleg rútína og afturbeygðar sagnir	
44	1. – 7. nóvember	3C: Morgunmatur	Ritunar/lesskilning-verkefni (5% vægi)
45	8. – 14. nóvember	2B: Að staðsetja fólk og hluti – sagnorðin Ser og Estar	
46	15. – 21. nóvember	Kafli 4A og 4B: Heimili og húsgögn	
47	22. – 28. nóvember	Upprifjun fyrir hlutapróf og hlutapróf	Hlustunarpróf 2 (5% vægi)
48	29. nóv. – 5. des.	Hlustunarpróf 2 í fyrri tímum vikunnar Hlutapróf 2 í seinni tímum vikunnar	Hlutapróf 2 (25% vægi)
49	6. – 12. desember	Munnleg próf: Nemendur mæta í próf samkvæmt upplýsingum frá kennara	Munnleg próf (6% vægi)
50	13. – 19. desember	Prófdagur 3. máls/munnleg próf/ SKRAP/önnur ólokin próf	SKRAP/ fyrir nemendur sem eiga einhver próf eftir.

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Sérreglur áfangans:

- Áfanginn er **símatsáfangi** og því mikilvægt að nemendur standi skil á prófum og verkefnum og haldi sig innan gefins skilafrests.
- Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku á Innu og í kennsluáætlun og bera ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.
- Einkunnin **0** fæst fyrir vanskil á verkefnum og ekki er tekið við verkefnum sem er skilað eftir skilafrest.
- Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma hefur hann möguleika til að taka það í næsta skriptíma, annars fær hann einkunnina 0 fyrir prófið.
- Ef nemandi gleymir bókum þá þarf hann að fá lánaðar bækur á bókasafni eða að fá að sjá hjá sessunaut. Það er ekki í boði að mæta og gera ekki neitt. Ef nemandi mætir ítrekað bókarlaus í tíma þá verður honum vísað út og fær fjarvist.
- Nemendur eldri en 20 ára skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur. Þeir skrifa einnig undir samning við kennara vegna mætingar.
- Nemendur með opið vottorð þurfa að skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur.
- Notkun síma, tölvu og ipods/mp3 spillara er ekki heimil í tímunum nema kennari taki það sérstaklega fram, t.d. í tengslum við verkefnavinnu o.þ.h. **Ítrekuð notkun slíkra tækja getur orsakað fjarvist í tíma.**
- Ef þið þurfið einhverra hluta að fara fyrr úr tíma, látið þá kennarann vita í byrjun tímans eða fyrir tímann, ef mögulegt er.
- Að auki skal bent á að ef nemandi fer fram og er **10 mínútur eða lengur** frammi þá jafngildir það fjarvist. ***Vegna Covid-19 verðum við einnig að reyna að sporna sem allra mest við rápi fram og tilbaka úr skólastofunni.***
- Gerð er krafa um 80% skil á verkefnum (einnig skal aftur tekið fram að það má ekki sleppa hlutaprófunum, hlustunarprófum og munnlega prófinu ef standast skal áfangann).

Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Með von um ánægjulegt samstarf,
Sigríður Guðmundsdóttir